

385. fundur velferðarráðs 21. október 2020

21. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hér að neðan má sjá samantekt á þeim úrræðum/þjónustu sem er ekki sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvunum eða Barnavernd Reykjavíkur.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hverjir eru biðlistar í eftirfarandi úrræði:

„Mér finnst ég ekki lengur ein“

„Lesum saman“ (Lestrarátaksverkefni)

„Hjólakraftur“ (Persónuleg ráðgjöf í formi hópstarfs)

„Lotta“ (Stuðningur til fjölskyldna sem standa illa félags- og fjárhagslega).

„Klókir litlir krakkar“ (Kvíðameðferðarnámskeið fyrir forráðamenn barna yngri en 8 ára)

„Fjörkálfar“ (Námskeið fyrir börn á aldrinum 8–12 ára með reiðivanda)

Frístund plús: samstarf við Frístundamiðstöðina Miðberg til að styðja frístundastarf í hverfinu fyrir þau börn sem þurfa auka stuðning á frístundaheimilunum

„TINNA“ (Stuðningur til fjölskyldna sem standa illa félags- og fjárhagslega)

Talmeinafræðingar

Verkefni þar sem unnið er að því að taka á mætingarvanda barna í 5. og 9. bekk

Heimanámsaðstoð

Samstarf við Gufunesbæ — styrkja félagslega einangruð ungmenni í 9. bekk

ÁTAK (Tímabundin þjónusta við börn og foreldra þar sem mætingarvandi er til staðar).

ÁFRAM (Sértæk þjónusta við nemendur sem eru að ljúka grunnskóla og þurfa stuðning í framhaldsskólanum).

Núvitundarnámskeið fyrir börn, unglinga og forráðamenn

„Gaman saman“ (Persónuleg ráðgjöf í formi hópstarfs)

„HAM“-námskeið (Hugræn athvöglismeðferð í anda námskeiðsins: „Mér líður eins og ég hugsa“)

Sálfræðiþjónusta fyrir börn hjá SÁÁ